

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún kom fyrst opinberlega fram 11 ára gömul er hún lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff og nam einnig hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Ruciero Ricci og Igor Oistrach. Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada. Hún hefur frumflutt mörg tónverk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana.

Hlíf hefur leikið inn á upptökur fyrir útvarp og sjónvarp og nokkra geisladiska við frábæran orðstír. Tónlistargagnrýnandi Morgunblaðsins gaf geisladisknum 44 Dúó með verkum eftir Béla Bartók fimm stjörnur með orðunum „Þjóðleg innlifun á heimsmælikvarða“. Í ágúst 2008 kom út tvöfaldur geisladiskur með leik hennar á öllum þremur sönötum og þremur partítum eftir Johann Sebastian Bach.

Martin Frewer fæddist í bænum Dartford í úthverfi Lundúna og hóf að læra á píanó sex ára gamall í Dorset og nokkru síðar einnig að læra á fiðlu. Þegar hann var tólf ára gamall fékk hann styrk til að læra bæði á fiðlu og píanó. Martin stundaði nám í Oxford University, þaðan sem hann útskrifaðist með gráðu í stærðfræði, en samtímis sótti hann fiðlutíma hjá Yfrah Neaman. Eftir útskrift frá Oxford hélt hann áfram fiðlunámi í Guildhall School of Music & Drama í London hjá Yfrah Neaman og lærði þá einnig á víólu hjá Nannie Jaimeson. Martin hefur sótt tíma og tekið þátt opum kennslustundum hjá Igor Ozim, Martin Loveday, Eric Gruenberg, Almita og Roland Vamos, Peter Guth, Ake Lundeberg og Lin Yaoti. Árið 1983 var Martin ráðinn til starfa hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur búið á Íslandi síðan. Hann hefur víða komið fram á einleiks- og kammertónleikum og er mjög laginn útsetjari.

Martin hefur jöfnum höndum nýtt stærðfræðikunnáttu sína og unnið að hönnun tölvuhugbúnaðar. Nýverðið sagði hann starfi sínu lausu hjá Sinfóníuhljómsveitinni til að geta, auk vinnu við hugbúnaðargerð, einbeitt sér að hugðarefnum sínum, kammertónlist og útsetningum.

Stofutónleikar á Stöng

Duo Landon

Hlíf Sigurjónsdóttir og Martin Frewer

Tónleikar að Stöng í Mývatnssveit
föstudaginn 2. maí 2014 kl. 20:30

Efnisskrá

Elías Davíðsson f. 1941

Fiðludúettar

Barnaleikur

Seiðandi slæðudans

Gælur

Púsund og ein nótt

Þorkell Sigurbjörnsson 1938 – 2013

Fiðlufrænkur - útsetningar á íslenskum þjóðlögum

Ísland, farsældafrón

Yfir kaldan eyðisand

Dýravísur

Sumri hallar

Kvölda tekur

Ólafur reið með björgum fram (Mig syfjar)

Krumminn á skjánum

Björt mey og hrein

Ólafur reið með björgum fram

Béla Bartók 1881 – 1945

Dans frá Rutheníu

Hildigunnur Rúnarsdóttir f. 1964

úr „Tíu myndir fyrir tvær fiðlur“

Allegro ritmico

Andante

Moderato e dolce

Allegro vivo

Sergei Prokofieff 1891 – 1953

úr Sónötu fyrir tvær fiðlur ópus 56

Andante Cantabile

Þingeysku „fiðlulögin“ skráð af Páli H. Jónssyni

útsett fyrir tvær fiðlur af Martin Frewer

Sextúr

Vals

Skottís

Vínarkrus

Stökkæll

Polki

Ræll

Hopsa

Mazúrka

Vals

Sjösporaræll

Vals

Ræll

Johannes Brahms 1833 – 1897

Ungverskir dansar nr. 1, 2, 4 og 5

útsett fyrir tvær fiðlur af Martin Frewer